**LOFTRÆSING HÚS SKAL UPPFYLLA EFTIRFARANDI REGLUGERÐARÁKVÆÐI (112/2012)**

Loftgæði og loftræsing.
10.2.1. gr.
Markmið.
Loftgæði innan mannvirkja skulu vera fullnægjandi og í samræmi við notkun þeirra og tryggt að loft innan mannvirkis innihaldi ekki mengandi efni sem valdið geta heilsutjóni eða óþægindum.
10.2.2. gr.
Almennt um loftræsingu.
Allar byggingar skal loftræsa. Loftræsingin getur verið vélræn, náttúruleg eða blanda af hvoru tveggja. Tryggja skal að kröfur um gæði lofts og þægilega varmavist séu uppfylltar.
Við ákvörðun loftræsingar ber að taka mið af tegund og gerð rýmis, þeirri starfsemi sem þar fer fram, hita- og rakamyndun, útstreymi mengandi efna frá byggingarefnum og útbúnaði, útstreymi mengunar vegna efna og vinnslu svo og vegna athafna fólks og dýra sem þar dvelja.
Loftræsikerfið skal þannig hannað, gert, rekið og því viðhaldið að það haldi virkni sinni allan líftíma byggingarinnar.
Þar sem fólk dvelur um lengri tíma skal þess gætt að ekki verði trekkur á íverusvæðum. Til að koma í veg fyrir trekk má lofthraði ekki vera meiri en 0,15 m/s þar sem fólk situr við leik og störf. Mörk lofthraða eru háð virkni fólks, innihita og því hvernig loftið berst að fólki.
Um kröfur til loftræsibúnaðar gilda ákvæði 14.9. kafla.
10.2.3. gr.
Ferskloft, uppblöndun lofts og mengandi svæði.
Ferskloft getur ýmist borist til rýmis í byggingu gegnum loftræsiop eða glugga á útvegg eða þaki, eða þannig að fersklofti sé blásið inn í rýmið með vélbúnaði.
Nr. 112 24. janúar 2012
112
Ekki er heimilt að blanda útsogslofti við ferskloft nema tryggt sé að það mengi ekki ferskloft þess rýmis sem loftræst er.
Loftstreymi milli rýma skal ætíð vera frá rými með minni loftmengun til rýmis þar sem loftmengun er meiri.
Svæði innan byggingar þar sem mengandi starfsemi fer fram skulu lokuð af eftir því sem framast er unnt. Nota skal [staðbundið útsog]1) þar sem mengandi vinnsla fer fram eða hún skal höfð í aðskildu rými með sjálfstæðri loftræsingu. Styrkur mengunarefna má ekki fara yfir þau mörk sem tilgreind eru í reglugerð Vinnueftirlits ríkisins um mengunarmörk og aðgerðir til að draga úr mengun á vinnustöðum.
1) Rgl. nr. 1173/2012, 44. gr.
10.2.4. gr.
Loftinntak og útblástursop.
Leitast skal við að staðsetja loftinntak í byggingu þannig að ferskloftið sé eins hreint og framast er unnt. [Almennt skal neðri brún loftinntaks vélrænna loftræsikerfa í þéttbýli ekki vera nær jörðu en 4,0 m frá frágengnu jarðvegsyfirborði.]1) Frágangur loftinntaks skal vera þannig að hættan á því að regnvatn eða snjór geti borist inn í inntakið sé takmörkuð eins og framast er unnt.
Loftinntak og útblástursop í byggingum skulu þannig hönnuð og staðsett að ekki sé hætta á því að loft frá útblástursopi eða mengunaruppsprettu geti borist að loftinntaki.
[Opnun upp úr þaki í lyftum skal vera a.m.k. 1% af flatarmáli lyftuganga.]1)
1) Rgl. nr. 1173/2012, 45. gr.
10.2.5. gr.
[Loftræsing íbúða og tengdra rýma.
Meginreglur: Eftirfarandi meginreglur gilda um loftræsingu íbúða og tengdra rýma:
1. Öll rými íbúða og íbúðarhúsa skulu loftræst. Heimilt er að beita náttúrulegri loftræsingu, vélrænni loftræsingu eða blöndu af hvoru tveggja. Loftræsing skal henta viðkomandi rými þannig að magn fersklofts sé fullnægjandi til að komið sé í veg fyrir lyktarmengun og rakamettun innilofts. Útsog skal vera úr eldhúsi, baðherbergi íbúðar, minni snyrtingum, þvottaherbergjum, stökum geymslum og kjallaraherbergjum. Útsog frá eldhúsi, salernum og þvottahúsi má ekki draga gegnum önnur rými hússins.
2. Íverurými eru loftræst þannig að magn fersklofts sem berst til rýmis sé minnst 0,3 l/s á m² gólfflatar á meðan rýmið er í notkun og minnst 0,2 l/s á m² gólfflatar meðan rýmið er ekki í notkun. Miða skal við að íbúðir aldraða og sérhæfðar íbúðir fatlaðra séu í notkun allan sólarhringinn.
3. Magn fersklofts sem berst til svefnherbergis skal aldrei vera minna en 7 l/s á hvern einstakling meðan herbergið er í notkun. Önnur rými þar sem ekki er gert ráð fyrir stöðugri viðveru er heimilt að loftræsa þannig að magn fersklofts sé minnst 0,2 l/s á m² gólfflatar. Meta skal þörf fyrir loftræsingu í öðrum rýmum, s.s. sameiginlegum göngum, gufuböðum o.þ.h.
Viðmiðunarreglur: Eftirfarandi viðmiðunarreglur gilda um ákvörðun loftmagns í íbúðum og tengdum rýmum:
1. Tryggja skal að eftirfarandi loftskipti í íbúðarhúsum séu möguleg að lágmarki, óháð gerð loftræsingar:
a. Útsog úr eldhúsi íbúðar: 30 l/s.
b. Útsog úr baðherbergi íbúðar: 15 l/s.
c. Útsog úr minni snyrtingum: 10 l/s.
d. Útsog úr stökum geymslu- eða kjallaraherbergjum þar sem ekki er stöðug viðvera: 0,2 l/s á m² gólfflatar. Þegar geymslurými er innan íbúðar er heimilt að rými sé loftræst á sama hátt og íverurými íbúðarinnar.
e. Útsog frá þvottaherbergi einnar íbúðar: 20 l/s.
f. Sameiginlegt þvottaherbergi með samnýttum þvottavélum fyrir 2 íbúðir eða fleiri: 30 l/s á hverja þvottavél.
g. Stigahús: 17 l/s.
h. Sorpgeymslur: 0,6 l/s á m², þó að lágmarki 20 l/s.
2. Aðstreymi lofts að eldhúsi, baðherbergi, salerni eða þvottahúsi má koma frá aðliggjandi rýmum með minna mengunar- eða rakaálagi.]

**BREFAKASSI (OG DYRASÍMI) HÚS SKAL UPPFYLLA EFTIRFARANDI REGLUGERÐARÁKVÆÐI (112/2012)**

Bréfakassar og dyrasímar.
6.13.1. gr.
Bréfakassar.
Í þéttbýli og annars staðar þar sem póstútburður fer fram skulu vera kassar eða bréfarifur fyrir móttöku bréfapóstsendinga á eða við útihurðir ein-, tví- og þríbýlishúsa. Þar sem tvær íbúðir eða fleiri hafa sameiginlegt aðalanddyri skulu vera bréfakassasamstæður fyrir allar íbúðir sem nýta aðkomuna. Sama á við í atvinnuhúsnæði þar sem fleiri en einn aðili hefur starfsstöð.
Bréfarifur fyrir móttöku bréfapóstsendinga skulu vera minnst 25 x 260 mm að stærð og staðsettar þannig að fjarlægð frá gólfi (jörðu) að neðri jaðri bréfarifu sé ekki minni en 1,00 m og ekki meiri en 1,20 m.
Bréfakassasamstæður bygginga skulu staðsettar á [aðalinngangshæð]1). Lýsing við kassasamstæðu skal vera fullnægjandi.
Mannvirkjastofnun skal gefa út leiðbeiningar um framkvæmd þessarar greinar.

**HEITUR POTTUR SKAL UPPFYLLA EFTIRFARANDI REGLUGERÐARÁKVÆÐI (112/2012)**

12.10.4. gr.
Varnir gegn drukknun.
Tjarnir á lóð, gosbrunnar, heitir pottar, brunnar o.þ.h. skulu búnir öryggisbúnaði sem tryggir að börn og fullorðnir geti ekki fallið í þá. Afrennsli sundlauga, heitra potta, tjarna o.þ.h. skal vera varið þannig að ekki sé hætta á slysum.
Sundlaugar, sá hluti lóðar sem þær eru á eða lóðin í heild, skulu girtar með a.m.k. 0,90 m hárri girðingu sem smábörn komast ekki í gegnum og hliði sem þau geta ekki opnað.
Við gerð og frágang sundlauga, setlauga og útibaðstaða skal gætt öryggis og þess sérstaklega gætt að hvergi sé hætta á hálku.
Setlaugar á lóðum íbúðar- og frístundahúsa skulu búnar læsanlegu loki til að hylja þær með þegar þær eru ekki í notkun. Barmur setlaugar skal vera a.m.k. 0,40 m yfir göngusvæði umhverfis hana.
Brunnlok skulu vera fest og þannig frágengin að börn geti ekki opnað þau.

| Nr. | Lýsing | Dagur |
|---|---|---|
| | | |
| | | |
| | | |
| | | |
| | | |
| | | |
| | | |
| | | |
| | | |
| | | |

Friðrik Ólafsson,
Verkfræðingur, 240753-2439,
Gsm: 8965548, Netfang: ofridrik@gmail.com
Reykjafold 14 - 112 Reykjavík

Leirvogstunga 18 - Mosfellsbær

SKÝRINGAR VIÐ - BRÉFAKASSA, HEITUM POTTI, LOFTRÆSINGU

| | |
|---|---|
| Verknúmer | FO1216010 |
| Dagur | 25.12.2016 |
| Teiknari | FÓ |
| Samþykkt | FÓ |

A106

Kvarði

4.1.2017 03:51:11